

# **Fornleifarannsóknir í**

## **Skálholti**

**Greinargerð og tillögur**

**Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson**

**FS083-98111**

**Fornleifastofnun Íslands**

**Reykjavík 1998**

© Fornleifastofnun Íslands  
Bárugötu 3, 101 Reykjavík  
S: 551 1033, fax: 551 1047  
Netfang: [fsi@mmedia.is](mailto:fsi@mmedia.is)

**Efni**

<b>INNGANGUR.....</b>	<b>4</b>
<b>FYRRI RANNSÓKNIR.....</b>	<b>5</b>
<b>FORSENDUR.....</b>	<b>14</b>
Rannsóknarmarkmið.....	16
Aðgangur ferðamanna.....	19
<b>TILLÖGUR: FORNLEIFARANNSÓKNIR 1999-2008.....</b>	<b>19</b>
Tímaáætlun.....	20
Framkvæmd.....	20
Fyrsti áfangi 1999-2002.....	21
Annar áfangi 2003-2006.....	21
Þriðji áfangi 2007-2008.....	21
<b>KOSTNAÐARÁÆTLUN.....</b>	<b>22</b>
Skýringar og athugasemdir.....	22

## Inngangur

Sumarið 1998 fór Sigurður Sigurðarson vígslubiskup þess á leit f.h. Skálholtsstaðar að Fornleifastofnun Íslands gerði tillögur að nýjum fornleifarannsóknum í Skálholti. Á þetta mál sér allnokkurn aðdraganda. Á árunum 1952-1958 var gerður uppgröftur á dómkirkjunni í Skálholti og í kjölfarið var hluti af hinum uppgröfnum minjum gerður sýningarhæfur almenningi. Undanfarin ár og áratugi hefur orðið vart áhuga á áframhaldandi rannsóknum í Skálholti því þótt margt markvert hefði komið í ljós við uppgröftinn á 6. áratugnum er stærstur hluti mannvistarleifa á staðnum enn órannsakaður. Takmörkuðust fyrri rannsóknir einkum við kirkjumínjar en aðrar leifar eru að mestu ókannaðar. Skálholtsnefnd stóð fyrir athugunum á staðnum á árunum 1984-1986, m.a. í því augnamiði að vekja á ný áhuga á sögu Skálholtsstaðar og minjum þar. Kom m.a. fram sú hugmynd að finna út húsaskipan staðarins og hlaða síðan lága vegg þar sem byggingar stóðu áður. Í janúar 1985 kallaði Hörður Ágústsson þáverandi formaður Hins íslenska fornleifafélags saman fund þar sem rætt var m.a. um að hefja á ný umfangsmiklar rannsóknir í Skálholti. Hóf hann jafnframt undirbúning að útgáfu á skýrslum Kristjáns Eldjárns og samstarfsmanna hans um rannsóknirnar 1954-1958. Rannsóknir þeirra hafa nú verið gefnar út í vandaðri útgáfu og hlotið góðar viðtökur, en nýjum uppgrefti hefur ekki verið hleypt af stokkunum enn sem komið er.

Þessari greinargerð er ætlað að vera grundvöllur að frekari undirbúningi að rannsóknum í Skálholti. Þekktum heimildum um mínjar þar hefur verið safnað saman og á grundvelli þeirra samið ágríp um sögu fyrri rannsókna á staðnum. Fjallað er um forsendur fyrir nýjum rannsóknum og gerð grein fyrir kostum þess og göllum að hefja á ný uppgröft með kynningu á minjastaðnum og á sjálfum rannsóknunum fyrir almenningi og ferðamönnum. Síðast er sett fram tillaga að framkvæmdaáætlun 1999-2008, með verklýsingu og kostnaðaráætlun.

Efni í þessa skýrslu var safnað haustið 1998 og leitað gagna og heimilda um forn mannvirki í Skálholti og sögu fornleifarannsókna þar, en verkinu lauk í desember s.á. Höfundar skýrslunnar þakka Hildi Gestsdóttur fornleifafraeðingi fyrir aðstoð við söfnun og skráningu heimilda um fornleifar í landi Skálholts og sr Sigurði

Sigurðarsyni vígslubiskupi fyrir leiðsögn og margvíslega aðstoð.

## Fyrri rannsóknir

Skálholtsstaður á sér langa og merka sögu. Ekki er ólíklegt að búseta hafi verið þar þegar í upphafi byggðar en byggfrjó frá lokum 9. aldar sem fundist hafa í nágrenni Skálholts benda sterklega í þá átt.<sup>1</sup> Jörðin var í eigu Mosfellinga í byrjun 11. aldar og þar sat fyrsti biskup Íslands, Ísleifur Gissuarson frá því að hann kom úr vígsluför 1057 til dauðadags 1080. Sonur hans og eftirmaður, Gissur biskup (vígður 1082, dáinn 1118) byggði þar dómkirkju, gaf henni jörðina og varð Skálholt þá fyrsti kirkjustaður á Íslandi. Eru því nærri 950 ár liðin frá stofnun biskupsstóls í Skálholti. Í fyrstu var Skálholtsbiskup yfir landinu öllu, en 1106 var stofnaður sérstakur biskupsstóll fyrir Norðlendingafjórðung á Hólum. Íslenska kirkjan eflist mjög á 12. og 13. öld og við það óx Skálholtsstaður að andlegum og veraldlegum auði og varð sannkallaður höfuðstaður Íslands frá seinni hluta 13. aldar. Þar reis þorp bygginga yfir starfsemi stólsins og reistar voru kirkjubyggingar sem voru einstakar í evrópskri byggingasögu. Í kaþólskri tíð stóð skólahald og önnur menningar- og fræðslustarfsemi með blóma í Skálholti, og eftir siðaskiptin var þar reglubundinn skóli. Á 18. öld fór staðnum að hnigna og 1796 var biskupsstóllinn fluttur til Reykjavíkur. Varð Skálholt eftir það venjulegt bóndabýli með sóknarkirkju þar til viðreisn staðarins hófst að nýju á seinni hluta 20. aldar. Hin örlagaríka saga biskupsstólsins verður ekki rakin hér, en vert er að rifja upp fáein atriði er snerta hús og minjar.

Dómkirkjan í Skálholti hefur brunnið a.m.k. tvisvar (1309 og um 1527) og staðurinn allur brann 1630 og varð þar óbætanlegur skaði, þar sem skjöl og bækur urðu eldinum að bráð. Árið 1650 lét Brynjólfur Sveinsson biskup reisa nýja kirkju og staðarhús. Árið 1784 reið harður jarðskálfti yfir Suðurland og skekktist þá kirkjan og hús féllu í Skálholti. Var gerður merkilegur uppdráttur af Skálholtsstað þetta ár, væntanlega vegna tjónsins sem varð á mannvirkjum. Verður vikið að þessum uppdrætti síðar. Eftir að biskupsstóllinn var fluttur til Reykjavíkur 1796 var kirkja

---

<sup>1</sup> Þorleifur Einarsson: (1957): 'Tvö frjólínurit úr íslenskum mómýrum.' *Ársrit Skógræktarfélgs Íslands* 1957, 89-97. Þorleifur Einarsson (1963): 'Vitnisburður frjógreiningar um gróður, veðurfar og landnám á Íslandi.' *Saga* 3, 442-469 [endurpr í *Gróður, jarðvegur og saga* (Rit Landverndar 10), Reykjavík 1994, 81-106]

Brynjólfs rifin og ný og mun minni kirkja byggð í hennar stað 1802. Margir munir sem voru í eigu staðarins, þar á meðal merkir forngrípir, voru seldir á uppboðum um og eftir aldamótin 1800. Sumir þeirra rötuðu í dómkirkjuna í Reykjavík, aðrir á forngripasöfn í Kaupmannahöfn eða Reykjavík, en enn aðrir skemmdust eða hafa horfið sporlaust. Þar á meðal má nefna Þorláksskrín og Ögmundarbrík svokallaða. Ekki er vitað um afdrif skrínisins, en reynt var að flytja bríkina til Reykjavíkur. Ekki komst hún á leiðarenda og lá í pakkhúsi á Eyrarbakka í mörg ár. Eru enn eftir af henni smávægilegar leifar sem sýna að þetta hefur verið einn merkilegasti kirkjugrípur á Íslandi.<sup>2</sup>

Þótt margir fræðimenn og ferðalangar hafi lagt leið sína í Skálholt eftir að biskupssetrið var flutt burt, er ekki kunnugt um að neinar markverðar rannsóknir eða athuganir á fornleifum í Skálholti hafi átt sér stað fyrir en um miðja 20. öld. Er fornleifanefndin í Kaupmannahöfn hóf skipulega söfnun upplýsinga um fornleifar í danska konungsríkinu á öndverðri 19. öld leitaði hún m.a. hófanna hjá íslenskum sóknarprestum og sýslumönnum. Séra Halldór Þórðarson (1751-1831) á Torfastöðum tók saman skýrslu um minjar í sókninni 1817, en hún virðist nú glötuð. Í dönskum útdrætti sem varðveist hefur eru engar fornleifar nefndar í Skálholti, en sá er útdráttinn samdi nefnir að presturinn hafi hug á að láta grafa í kirkjugarðinn þar í leit að verðmætum forngrípum<sup>3</sup>. Ekki fer frekari sögum af því. Finnur Magnússon prófessor, sem ólst upp í Skálholti, var einn nefndarmanna og tók hann saman skýrslu um íslenskar fornleifar 1816-17. Þar nefnir hann hin fornu kirkjugrípi í Skálholti, en ekki fornleifar<sup>4</sup>. Fornleifanefndin friðlýsti 10 minjar á Íslandi árið 1817 og eru það fyrstu friðlýsingar á íslenskum minjum. Þá voru friðaðar m.a. minjar í Reykholti, Borgarvirki og á Þórsnesi, en ekki á öðrum merkum stöðum, s.s. í Skálholti eða á Þingvöllum.

Næsta skref í skráningu íslenskra fornleifa var tekið er Hið íslenska

<sup>2</sup> Reynt hefur verið að rekja feril þessara fornhelgu gripa eftir öllum tiltækum heimildum, sjá: Sigurður Vigfússon (1888) "Smávegis", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1887*, bls. 38-42; Páll E. Ólason (1916) "Öxin Rimmugýgr", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1915*, bls. 36-38; Matthías Þórðarson (1916) "Athugasemd um Rimmugýgi", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1915*, bls. 39-42; Kristján Eldjárn (1974) "Þorláksskrín í Skálholti. Samtýningur um glataðan forngríp", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1973*, bls. 19-42; - (1961), Minnishorn Skálholtsdómkirkju. *Stakir steinar*. Akureyri, bls. 85-111; - (1961), Ögmundarbrík. *Stakir steinar*, bls. 112-121; - (1961), Þrætukistan frá Skálholti. *Stakir steinar*, bls. 122-133; - Kristján Eldjárn & Hörður Ágústsson (1992) *Skálholt III. Skruði og áhöld*, (Staðir og kirkjur I) Reykjavík.

<sup>3</sup> Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823 (1983) Sveinbjörn Rafnsson sá um útg., Reykjavík, bls 215.

<sup>4</sup> Sama heimild, bls. 620-623.

bókmenntafélag hóf söfnun allrahanda upplýsinga um land og þjóð um miðja 19. öld. Séra Björn Jónsson (1803-1866) skráði skýrslu fyrir Torfastaða-, Skálholts-, Bræðratungu- og Haukadalssóknir en sagði að sér væri ekki kunnugt um neinar fornleifar í þessum sóknum<sup>5</sup>.

Danski fornfræðingurinn Kristian Kålund kom við í Skálholti í leiðangri sínum um íslenska sögustaði á árunum 1872-74 og þótti "ekki mikið eftir af dýrð biskupstímans"<sup>6</sup>. Þar var nú ósjáleg trékirrkja - útkirkja nágrannaprests og bærinn "á engan hátt glæsilegur" og það eina sem honum þótti enn vera sem áður, var hið fagra útsýni. Kålund getur þess að sagnir á staðnum snúist einkum um Þorlák helga og hins vegar um atburði kringum Jón Arason Hólabiskup. "Þorlákssæti" er í brekkunni norðaustan bæjarins og "Þorláksbrunnur" vestan við bæinn. Var Kålund sýndur staðurinn við veginn hjá kirkjugarðinum þar sem Jón og synir hans voru teknir af lífi og voru "blóðblettirnir" enn sýnilegir á klöppinni. Einnig hafði til skamms tíma verið laut í kirkjugarðinum þar sem hinir líflátnu höfðu verið jarðaðir uns Norðlendingar grófu þá upp og fluttu til Hóla. Kålund lýsir ekki sýnilegum kirkjugrunnum en segir að sjá megi tóftir biskupsstofu og skóla.

Er Hið íslenska fornleifafélag var stofnað 1879 hófust reglulegar rannsóknir á íslenskum fornleifum. Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi, sem kannaði fjölmarga minjastaði á Suðurlandi í rannsóknarferðum sínum um aldamótin, var fyrstur íslenskra fornfræðinga til að kanna minjar í Skálholti. Hann kom þar árið 1893 og skráði sýnileg ummerki og munnmæli og frásagnir staðkunnugra um fornleifar<sup>7</sup>. Skráði hann m.a. munnmæli er skýrðu uppruna að nafni Skálholts: Átti smalamaður Ketilbjarnar gamla landnámsmanns að hafa hafst við í skála, þar sem bærinn í Skálholti var reistur síðar. Skýrsla Brynjúlfs um fornleifar í Skálholti er stutt, en í henni er að finna upplýsingar um ástand minja þar í lok 19. aldar og munnlegan vitnisburð um húsaskipan þar í tíð Finns biskups, á lokaskeiði biskupsstólsins á 18. öld. Heimildamaður Brynjúlfs var Sigurður Pálsson bóndi á Laug, en hann lýsti staðnum eftir frásögn Jóns Jónssonar, sem lengi hafði búið í Laugarási og dó um 1850, þá nærri hundrað ára. Að sögn Jóns höfðu traðir legið austan að bænum á 18. öld eins og þær gerðu enn 1893 og einnig vestan að, hjá Þorláksbrunni og upp á hlaðið. Vatnsból

<sup>5</sup> *Árnessýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*, Rv. 1979, bls. 140.

<sup>6</sup> P.E.K. Kålund (1877-1882) *Bidrag til Topografisk-Historisk Beskrivelse af Island*, Kh., bls. 120-123.

<sup>7</sup> Brynjúlfur Jónsson (1894) "Rannsóknir í ofanverðu Árnesþingi 1893", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894*, bls. 3-6.

var enn í Þorláksbrunni í lok 19. aldar. Á 18. öld hafði auk biskupshúsanna verið bær þar sem síðar var kálgarður sunnan undir kirkjugarðinum, austan við biskupshúsin, og var hann kenndur við Magnús lögmann Ólafsson (d. 1800). Bærinn stóð enn 1893 þar sem biskupshúsin höfðu verið. Framan við þau var forskáli, kallaður "portið" og var innangengt í önnur hús úr því. Frá vesturhlið bæjarins lágu enn einar traðir til norðurs af hlaðinu upp hjá Staupasteini og fyrir norðan kirkjugarðinn eins og þær höfðu gert síðan á 18. öld. Heygarður var enn sem fyrr vestan norðurtraðanna hjá Staupasteini. Vestan við þær hafði verið mikil útihúsaröð sem snéri göflum í suður en 1893 var þar kominn heygarður. Austan við biskupshúsin var undirgangurinn í kirkjuna og höfðu skólahúsin verið asutan hans, tvö samhliða hús, með þili til suðausturs. Austur frá þeim var "aldingarður" sem lá upp að kirkjugarðinum og óx þar enn kúmen er Brynjúlfur heimsótti Skálholt. Ekki er víst hversu áreiðanleg frásögn Jóns var, enda var hann orðinn gamall og blindur, og sögnin komin í gegnum einn millilið, en hún kemur þó í aðalatriðum heim og saman við uppdrátt sem gerður var af Skálholtsstað 1784. Athygli vekur að samkvæmt skráðri lýsingu Brynjúlfs sneru skólahúsin þiljum til suðausturs, en á uppdrættinum 1784 snúa þau í hásuður.

Brynjúlfur sá "miklar rústir" beggja vegna traðanna niðri við Þorláksbrunn, og upp á túninu norðan við norðurtraðirnar var einnig ógreinileg tóft af svokölluðu "viðarmannahúsi". Norðaustarlega í kirkjugarðinum var tóft, "sem enn heitir Þorláksbúð", og taldi Brynjúlfur hana vera um 11 m langa en 6 m á breidd. Þá greindi hann frá svonefndu Íragerði norðvestast í túninu og átti það að vera leiði hinna írsku sveina Jóns biskups Gerrekssonar. Íragerði var upphækkun, rúmlega 22 m löng og um 2,5 m breið.

Brynjúlfur taldi enn mega sjá ummerki um eldri kirkjur utan við kirkjuna sem þá stóð. Hann rak járntein niður og koma ávalt niður á grjót. Einnig sá hann djúpa laut sem lá að miðri suðurhlið kirkjunnar, þar sem undirgangurinn átti að vera. Hann hafði heyrt að hinir kaþólsku biskupar hefðu verið grafnir í norðurstúku kirkjunnar og lét hann grafa þar sem hann taldi hana hafa verið. Ekki fannst þó annað en eitt hauskúpubrot og járnagli. Einnig lét hann grafa hjá Söðulhól þar sem hann taldi líklegast að Diðrik frá Minden og menn hans hefðu verið grafnir en varð einskis vísari.

Brynjúlfur kannaði legsteina í kirkjunni og kirkjugarðinum og skráði niður áletranir á þeim. Nokkrir voru orðnir máðir, sumir brotnir og legsteinabrot höfðu verið notuð í kirkjugarðskampinn. Hann lýsti einnig hinum fáu kirkjugripum sem



eftir voru í kirkjunni. Hefur honum þótt ástand þessara merku fornleifa dapurlegt og lýkur skýrslu sinni með þessum orðum: "Mjög er áriðandi að vernda hinar fáu fornmenjar sem enn finnast í Skálholti".

Um aldamótin höfðu engar fornleifar verið friðaðar síðan 1817, en næstu árin fór áhugi á verndun fornleifa vaxandi og árið 1901 sendu formaður Fornleifafélagsins og forsvarsmaður Forngripasafnsins áskoranir í dagblöð um bættu meðferð fornleifa. Sama ár hélt Finnur Jónsson prófessor erindi um fornleifavernd á aðalfundi Fornleifafélagsins<sup>8</sup>. Sagði hann landið fátækt að fornleifum og harmaði hve mörgum þeirra hafi verið spilt, m.a. við túnasléttun, húsbyggingar, og minntist hann þess að nýlega hafði minjum verið spilt við vegargerð í Almannagjá. Varaði hann við því að á mörgum bæjum yrðu geysimiklar breytingar á næstu árum, þannig að erfitt yrði að átta sig á hvernig hafi verið umhorfs áður, og nefndi hann ástand Skálholts sérstaklega sem dæmi þar um.

Orð Finns voru í tíma töluð því víða um landið var minjum spilt við jarðrækt og húsbyggingar. Urðu m.a. veruleg minjaspjöll í Skálholti árið 1902, en þá var grafið fyrir hlöðu beint ofan í bæjarhólinn, við ytri enda undirgangsins og einnig lagður vegur vestur frá bænum og ræsi meðfram honum hjá Þorláksbrunni. Var brunnurinn grafinn fram og tóku vegagerðarmennirnir steinhleðsluna innan úr brunnum, jöfnuðu sjálfan brunninn með ræsinu og var hann þannig geryðilagður<sup>9</sup>. Sömu sögu var að segja um Skólavörðuna, en úr henni var grjót rifið til húsbygginga.<sup>10</sup>

Minjaspjöll sem þessi leiddu loks til þess að sett voru lög 1907 um verndun fornleifa, og stofnað embætti þjóðminjavarðar, sem var m.a. veitt heimild til að friðlýsa fornleifar og sett viðurlög við minjaspjöllum.

Með setningu þjóðminjalaga tók Þjóðminjasafn Íslands við hlutverki Fornleifafélagsins sem rannsóknarstofnum í fornleifafræði. Fyrsti forstöðumaður þess, Matthías Þórðarson þjóðminjavörður fór um ofanverða Árnassýslu í einum af fyrstu yfirreiðum sínum um landið í þessu nýja embætti. Kom hann við í Skálholti og skráði fáeina forna gripi frá 16. og 17. öld sem hann fann í kirkjunni, og kemur m.a.

<sup>8</sup> Finnur Jónsson (1901) "Verndun fornmenja", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1901*, bls. 1-6.

<sup>9</sup> Brynjúlfur Jónsson (1904) "Fornleifafundur í Skálholti 1902", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1904*, bls. 20-21.

<sup>10</sup> Sigurður Skúlason (1927) "Örnefni um Skálholts-land", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1927*, bls. 62.

fram að merkur kirkjuhurðarhringur, sem þar átti að hafa verið var þar ekki lengur. Meðal helstu áhugamála Matthíasar voru fornir legsteinar. Hann rannsakaði steinana í Skálholti og fann legstein Odds biskups Einarssonar "mestallan", en legsteinn Gísla Magnússonar frá Hlíðarenda lá "í brotum hingað og þangað". Taldi Matthías nauðsynlegt að gera frekari ráðstafanir til verndunar legsteinunum og að ástæða væri til að framkvæma nákvæmar rannsóknir í kirkjugarðinum. Ekki gerði hann lýsingu á sýnilegum fornleifum þar enda ekki eftir miklu að slægjast.<sup>11</sup> Matthías vann ötullega að skráningu og rannsóknum á kirkjugripum víða um land og vakti athygli á fornum kirkjumunum frá Skálholti með greinaskrifum.<sup>12</sup> Athyglisvert er að þjóðminjavörður lét hér staðar numið í Skálholtsrannsóknum og var ekkert aðhafst um rannsóknir eða verndun staðarins í embættistíð hans að því frátöldu að árið 1927 friðlýsti hann þar þrjár minjar: Þorláksbúð, Staupastein og Þorláksbrunn.

Á þessum árum hafði Fornleifafélagið fundið sér nýtt hlutverk og barðist fyrir söfnun og varðveislu örnefna víða um land. Hafist var handa um örnefnaskráningu og gerði Sigurður Skúlason skrá yfir örnefni í landi Skálholts og birti í Árbók félagsins 1927.<sup>13</sup>

Árið 1949 urðu þáttaskil í sögu Skálholts hvað minjavernd varðar. Að frumkvæði Sigurbjarnar Einarssonar, sem þá var prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands, var stofnað Skálholtsfélag sem hafði það að markmiði að vinna að endurreisn Skálholtsstaðar. Varð félaginu vel ágengt og ráðist var í að reisa nýja kirkju þar sem hinar fyrri kirkjur höfðu áður staðið. Var að þessum framkvæmdum staðið með meiri forsjá og framsýni en öðrum stórframkvæmdum á þessum tíma, því ákveðið var að gera vandaða fornleifarannsókn á eldri grunnnum áður en þeir yrðu látnir víkja. Hér má nefna að nokkru áður, er reist var nýtt hús við Tjarnargötu 4, þar sem áður stóð bærinn í Reykjavík, var ekki gerð nein rannsókn þrátt fyrir að í ljós kæmu fornleifar frá landnámsöld.<sup>14</sup>

Til undirbúnings uppgreftinum gerði Magnús Már Lárusson athugun á lýsingum á eldri kirkjum í Skálholti eftir rituðum heimildum og voru athuganir hans

<sup>11</sup> Matthías Þórðarson (1908) "Smávegis. Athugasemdir gerðar á skrásetningarferð um Árnassýslu ofanverða í júlí 1908", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1908*, bls. 41-2.

<sup>12</sup> Matthías Þórðarson (1910) "Corporal-taskan frá Skálholti", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1909*, bls. 50-51; Matthías Þórðarson (1912) "Forn kaleikur og patína frá Skálholti", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1912*, bls. 51-56.

<sup>13</sup> Sjá nmgr. nr. 9.

<sup>14</sup> Sbr. Matthías Þórðarson (1944) "Fundnar fornleifar í Reykjavík", *Vikan*, . Nr. 23-4, bls. 22 og 28.

nýttar til leiðsagnar við rannsóknirnar.<sup>15</sup> Árið 1952 hófst uppgröftur á kirkjugrunnum í Skálholti og var það umfangsmesta rannsókn á einum minjastað á Íslandi til þess tíma. Grafið var árin 1952, 1954-55 og 1958 og stjórnaði Kristján Eldjárn þjóðminjavörður uppgreftinum. Árið 1954 friðlýsti hann fleiri minjar á staðnum, þ.e. Skólavörðuna, eystri- og vestari traðir, Kyndluhól, Þorlákssæti, Leiði sveina Jóns Gerrekssonar í Íragerði og gamalt garðlag syst á túninu.

Uppgröfturinn hófst með frumkönnun sem Björn Sigfússon gerði. Gróf hann leitarholur hér og hvar til að finna takmörk eldri kirkjugrunna, einnig gróf hann upp undirganginn að hluta og í svokallaðann Virkishól. Gerði hann ítarlega skýrslu um rannsókn sína, en hún hefur ekki verið birt á prenti. Árið 1954 var gerður uppdráttur af kirkjugarðinum og nánasta umhverfi hans, grafið í Þorláksbúð að hluta, og í dómkirkjugrunnana. Fannst þá m.a. steinþró Páls biskups Jónssonar með beinum hans og bagli. Árið 1955 var grafinn upp grunnur af byggingu norðan við stöpulinn, og lokið við uppgröft á Þorláksbúð. Grafið var í "beinakjallara" og uppgrefti haldið áfram í undirganginum. Voru og grafnar leitarholur hér og þar, aðallega norðan við kirkjustæðið. Þá var umhverfi staðarins snyrt, veggjasteinar í Þorláksbúð voru réttir og grasþökur lagðar í gólfið, Skólavarðan var löguð sem og Þorlákssæti. Árið 1958 var lokið rannsókn á undirganginum og eldra byggingarstig hans kannað. Var hann síðan endurbyggður frá kirkjugarði að kirkju. Þá var einnig ýtt ofan af bæjarhólnum og hann sléttaður. Veggjarbrotum og bæjarleifum frá 19. og 20. öld var ýtt burtu og suður af hólnum. Taldi Kristján, sem hafði umsjón með þessum aðgerðum, að ekkert benti til "að farið væri neitt umtalsvert niður í rústir frá biskupatímanum". Sagði hann að miklar mannvistarleifar væru því enn í jörðu sunnan og suðvestan við kirkjuna og kirkjugarðinn.<sup>16</sup> Næstu ár á eftir var unnið að úrvinnslu rannsóknanna en útgáfa þeirra tafðist lengi. Svo virðist sem rannsóknarskýrsla um uppgrafna tóft norðan stöpuls hafi glatast og skýrsla um uppgröftinn í Þorláksbúð hefur ekki verið gefin út, og gæti verið týnd, en skýrslur um kirkjugrunna, undirgang, legstaði og mannabein var gefin út árið 1988 í umsjá Harðar Ágústssonar.<sup>17</sup>

Rannsóknirnar í Skálholti vöktu mikla athygli á sínum tíma og var reglulega greint frá framvindu þeirra í fjölmiðlum. Í ávarpi sínu í bókinni um

<sup>15</sup> Magnús Már Lárusson (1954) "Dómkirkjan í Skálholti", *Samtíð og saga*, VI.

<sup>16</sup> Kristján Eldjárn, Hákon Christie & Jón Steffensen (1988) *Skálholt Fornleifarannsóknir 1954-1958*, (Staðir og kirkjur, I), Reykjavík, bls. 15-20.

<sup>17</sup> Kristján Eldjárn hafði þá þegar gefið út skýrslu um undirganginn: "Undirgangurinn í Skálholti", *Afmælisrit Björns Sigfússonar*. Björn Teitsson, Björn Þorsteinsson og Sverrir Tómasson (ritstj.), Reykjavík, 1975, bls. 168-188.

Skálholtsrannsóknir segir Sigurbjörn Einarsson biskup fæsta hafa vænst þess að "fréttir frá Skálholti yrðu girnilegri fróðleikur í blöðum og útvarpi en flest annað á því misseri".<sup>18</sup> Þessar rannsóknar leiddu í ljós merkilegar heimildir um eldri kirkjur á staðnum, undirganginn og allnokkra legstaði. Segja má að fundur steinþróar Páls Jónssonar hafi jafnframt verið fornleifafundur aldarinnar.

Á síðustu áratugum hafa fornleifar í Skálholti notið friðhelgi. Talsverð uppbygging hefur verið á staðnum en flestum nýbyggingum hefur verið valinn staður utan minjasvæðisins, og hafa frekari spjöll ekki orðið á bæjarhólnum eða næsta nágrenni hans.

Í upphafi níunda áratugarins vaknaði áhugi á að halda áfram fornleifarannsóknum í Skálholti og beina nú sjónum að sjálfum bæjarhólnum og þeim útbyggingum sem tilheyrðu biskupssetrinu. Á árunum 1984-1986 gerði Þjóðminjasafn Íslands nokkrar minniháttar athuganir á þessum leifum að ósk Skálholtsnefndar. Var helsta markmið rannsókna að athuga hve áreiðanlegur uppdrátturinn af staðnum frá 1784 væri og kanna ystu mörk minjastaðarins. Árið 1985 var reynt til að finna smiðjuna sem merkt er á uppdráttinn, vestur frá bænum á móts við Kyndluhól. Virtist móta fyrir henni á yfirborði. Talsvert fannst af smíðagjalli, og fram komu hleðsluleifar af tröðum, en smiðjan sjálf fannst ekki. Þó hefur hún ekki verið langt undan. Skýrslur um þessar athuganir hafa ekki verið birtar<sup>19</sup> en Þór Magnússon telur að "að með þeim könnunarrannsóknum sem gerðar hafa verið síðustu árin, sé nú búið að afmarka útlínur hins forna Skálholtsstaðar með allmikilli nákvæmni".<sup>20</sup> Hér er líklega helsti djúpt í árinni tekið. Könnunarrannsóknir 1984-86 stóðu einungis yfir í um vikutíma í hvert sinn, en mannvistarleifar í og við biskupssetrið ná yfir mjög stórt svæði og er það með stærstu minjastöðum landsins. Fyrirliggjandi lýsingar í úttektum og uppdrættir af staðnum auðvelda vitaskuld alla viðleitni til að ná heildarmynd af staðnum með takmörkuðum uppgrefti, en jafnframt ber að hafa í huga að samanburður á gömlum uppdráttum og þess sem upp kemur í mjóum könnunarskurðum er vandasamt verk.

Loks er vert að geta athugana Harðar Ágústssonar við úrvinnslu

<sup>18</sup> "Ávarp", í Kristján Eldjárn o.fl. 1988, bls. 9.

<sup>19</sup> Sbr. Þór Magnússon (1985) "Skýrsla um Þjóðminjasafn Íslands 1984", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1984*, bls. 202; - (1986) "Skýrsla um Þjóðminjasafn Íslands 1985", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1985*, bls. 200; - (1987) "Skýrsla um Þjóðminjasafn Íslands 1986", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1986*, bls. 177.

<sup>20</sup> Sama heimild, 1987, bls.177.

Skálholtsrannsóknna og frágang þeirra til útgáfu. Hann hefur einnig safnað heimildum um staðinn,<sup>21</sup> tekið túlkun á gerð kirknanna til rækilegrar endurskoðunar,<sup>22</sup> og samið vandaðar skrár um áhöld og skruða og safnað saman þeim upplýsingum sem um Skálholtsgripi má finna í prentuðum og óprentuðum heimildum.<sup>23</sup> Hafa rannsóknir Harðar á heimildum um húsakost stólsins m.a. leitt í ljós að húsaskipan hefur í megindráttum verið hin sama frá miðri 16. öld og til loka 18. aldar. Samkvæmt uppdrættinum frá 1784 má skipta byggingunum í Skálholti í nokkra flokka: 1) kirkja og búð innan kirkjugarðs, 2) traðarskemmur norðvestan kirkjunnar, 3) heygarður, hlaða, fjós og önnur skepnuhús vestan bæjarins, 4) geymslur og smiðja þar suður af, 5) hús á fremra hlaði og loks 6) innistaðurinn. Vænta má að upplýsingar um lögum húsa og hlutverk séu áreiðanlegar á uppdrættinum, en stærðarhlutföll og vegalengdir á milli bygginga geta verið ónákvæm. Uppdrátturinn er engu að síður merkilegur leiðarvísir við mögulegan uppgröft á Skálholtsminjum.

Þótt húsaskipan hafi í meginatriðum verið svipuð frá 16. og fram á 18. öld, er ekki þar með sagt að svo hafi verið á öldunum þar á undan. Um það er næsta lítið vitað þó finna megi vísbendingar um að heildarskipulag staðarins hafi ekki breyst mikið. Þegar undirgangurinn milli kirkju og bæjarhúsa var grafinn upp komu í ljós tvö byggingarstig, hið yngra er talið frá 1650-1785, en hið eldra var í notkun fram frá 17. öld, en óljóst er hversu miklu eldra það er. Um undirgöngin er hinsvegar getið þegar Órækja Snorrason sótti að Gissuri Þorvaldssyni í Skálholti 1242 og er freistandi að ætla að þau hafi ávallt verið á sama stað. Þó ekki sé í lýsingunni af bardaganum í Skálholti getið nákvæmlega um húsaskipan á staðnum er ekkert í henni sem bendir til að skipulag staðarbygginga hafi verið öðruvísi þá en á seinni öldum.<sup>24</sup>

Líklegt er að erfitt geti reynst að greina í sundur og ákvarða aldur á öllum húsum sem kunna að koma í ljós við uppgröft í bæjarhólnum. Komið hefur í ljós við uppgröft á bæjarhólnum í Stóruborg að þar eru mörg lög af byggingarleifum, tóft ofan í tóft, hús hafa verið stytta og lengd, hlaðið fyrir dyr, veggir rifnir, hleðslur bættar og svo mætti lengi telja. Hvað sem því líður, verður eflaust unnt með vönduðum uppgrefti að sýna fram á almenna gerð húsa á biskupsstólnum og innbyrðis afstöðu þeirra á mismunandi tímum. Fróðlegt væri að kanna hólinn allan, niður í óhreyfð

<sup>21</sup> Hörður Ágústsson (1978) "Fjórar fornar húsamyndir", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1977*, bls. 135-159; Hörður Ágústsson (1989), Húsagerð á síðmiðöldum. *Saga Íslands III*. Rv, bls. 261-300.

<sup>22</sup> Hörður Ágústsson (1990) *Skálholt II. Kirkjur*, (Staðir og kirkjur I), Rv.

<sup>23</sup> Kristján Eldjárn & Hörður Ágústsson (1992) *Skálholt III. Skruði og áhöld*, (Staðir og kirkjur I), Rv.

<sup>24</sup> *Sturlunga saga*, Örnólfur Thorsson ritstj., Rv. 1988, bls. 447-49

jarðlög, en til þess þarf að fjarlægja yngri minjar. Einnig verður að hafa í huga að uppgröftur á bæjarhólum öllum er mjög umfangsmikið verk. Er því æskilegra með hliðsjón af minjaverndarsjónarmiðum og mögulegri kynningu á staðnum fyrir almenning, að láta staðar numið þar sem komið verður niður á heillegar fornleifar, en grafa eftir eldri leifum utan þeirra, eða þar sem því verður við komið án þess að spilla yngri minjum. Yrði það í samræmi við þá stefnu sem mótuð var í rannsóknunum fyrr á öldinni, en þá var t.d. yngra byggingarskeið undirgangs fjarlæggt, hið eldra varðveitt og endurbyggt, en ekki er vitað hvort þar undir gætu leynst enn eldri minjar.

## Forsendur

Forsendur þess að hefja umfangsmiklar fornleifarannsóknir í Skálholti eru einkum þessar:

- Skálholt var höfuðstaður Íslands um aldir. Þar er að vænta að jörðin geymi miklar upplýsingar um mörg meginatriði í sögu þjóðar og kirkju.
- Gerðar hafa verið rannsóknir á kirkjugrunnum og undirgangi, en það er fátt ofanjarðar sem minnir á forna reisu staðarins.
- Þrátt fyrir talsvert rask eru miklar minjar enn undir sverði í Skálholti og fyrri rannsóknir og umhverfisaðstæður benda til að varðveisluskilyrði lífrænna leifa séu þar mjög góð.
- Sorgleg örlög fjölmargra dýrgripa og ýmissa sögulegra minja í Skálholti kalla á nauðsyn þess að leggja sérstaka áherslu á varðveislu, rannsóknir og kynningu á þeim minjum sem þar er enn að finna.

Þetta eru grunvallarforsendur alls rannsóknarstarfs í Skálholti og með hliðsjón af þeim verða hér rakin nokkur helstu atriði sem snerta undirbúning að nýjum rannsóknum.

Vert er að huga að nýjum Skálholtsrannsóknum í samhengi við sögu rannsókna á íslenskum sögustöðum. Í nær öllum tilfellum hafa framkvæmdir ýmist verið unnar við ófullnægjandi vísindaleg skilyrði, eða fjárhagslegum stuðningi við þær hætt áður en uppgrefti eða úrvinnslu uppgraftagagna lýkur. Þegar litið er yfir sögu rannsókna á merkustu minjastöðum landsins koma ýmsar dapurlegar staðreyndir fram. Fyrsti stóruppgröfturinn á mikilvægum sögustað var þegar bæjarhóllinn á

Bergþórshvoli var grafinn upp 1927. Beitt var grófum uppgraftaraðferðum, meira að segja á þeirra tíma mælikvarða, en úrvinnslu, skýrslugerð og útgáfu einfaldlega sleppt. Árið 1944 var grafið fyrir húsgrunni á gamla bæjarstæði Reykjavíkur en þá var engin rannsókn gerð. Á árunum 1970-73 var síðan enn grafið í miðbæ Reykjavíkur og var þá gerð vönduð rannsókn. Til er skýrsla á ensku um rannsóknina, en afrakstur hennar hefur ekki verið kynntur íslenskum almenningi. Gerð var uppmæling á sýnilegum búðaleifum á Þingvöllum á árunum 1986-88 en árangur hennar var aldrei birtur. Unnið var að stóruppgrefti í Reykholti 1987-89 en horfið var frá þeim annsóknnum vegna ótryggrar fjármögnunar og var ekki hafist handa að nýju fyrr en 1998. Vegna húsaviðgerða á Bessastöðum var grafið víða í bæjarhólinn 1986-1996 og komu fram merkar leifar frá öllum öldum Íslandssögunnar. Gekk rannsóknin erfiðlega vegna átaka milli framkvæmda- og rannsóknaraðila og fékkst rannsóknin ekki unnin á forsendum minjaverndar eða fornleifafræði. Að vísu hefur verið komið upp snoturri sýningu í kjallara Bessastaðastofu, en rannsóknarskýrslur um uppgröftinn hafa enn ekki litið dagsins ljós. Gerðar voru umfangsmiklar rannsóknir í Viðey á árunum 1986-1994. Þar var unnið að uppgrefti í flýti. Haldin hefur verið sýning á ýmsu sem fannst, og birtar hafa verið nokkrar áfangaskýrslur. Sýningar á gripum frá Bessastöðum og Viðey er mjög jákvæð viðleitni til kynningar á afrakstri þessara rannsókna, en æskilegt hefði verið að ljúka þessum verkefnum með fullkominni vísindalegri útgáfu á uppgreftinum sem og lipru riti ætluðu almenningi til fróðleiks og skemmtunar. Erlendis geta gestir á sögufrægum stöðum valið úr fjölda rita, s.s. bæklingum, ritlingum og bókum um minjar og sögu viðkomandi staðar. Í samanburði við ofangreind verkefni má segja að Skálholtsrannsóknir 1954-58 hafi verið óvenjuvel heppnaðar. Þar var unnið vísindalega að uppgrefti, haldin tímabundin sýning sem hlaut mikla og verðskuldaða athygli, gripir hafðir á fastasýningu og loks, að vísu miklu síðar, vönduð útgáfa á uppgreftinum fyrir fræðimenn og almenning.

Á allra síðustu árum hefur verið vakning meðal stjórnvalda og almennings að standa að minjakynningu á skipulagðan hátt og gerðar hafa verið nokkrar úttektir á merkjum minjastöðum síðustu misseri.<sup>25</sup>

Við undirbúning að nýjum rannsóknaráfanga er mikilvægt að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið í Skálholti og þróa áfram þá stefnu sem Kristján

<sup>25</sup> Sjá t.d.: Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir & Orri Vésteinsson (1995) *Fornleifar og ferðamál í Eyjafirði: Rannsóknir og kynning á Gásakaupstað*, Fornleifastofnun Íslands, FS009-95061; Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson (1998) *Um fornleifar á Þingvöllum - frumathugun*, FSÍ, FS061-98121; Orri Vésteinsson (1998) *Vígðalaug í Laugardal. Greinargerð*, FSÍ, FS054-98041, Reykjavík

Eldjárn og Sigurbjörn Einarsson mótuðu í upphafi um miðja öldina. Nýjar fornleifarannsóknir í Skálholti eru í raun liður í áframhaldandi uppbyggingu þar og með þeim yrði drjúgur skerfur lagður til þess að efla staðinn sem menningarmiðstöð. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að tefla saman ólíkum sjónarmiðum um rannsóknir, varðveislu og kynningarmál.

### **Rannsóknarmarkmið**

Í nútímafornleifafræði nægir jafnan ekki að hefja uppgröft án þess að hafa skýr rannsóknarmarkmið. Ekki er nóg að rannsóknarstaðurinn eigi sér merka sögu, heldur er nauðsynlegt að uppgröftur feli í sér markmið sem þjóna vísindalegum tilgangi.

Fyrir utan rannsóknirnar í Skálholti 1954-58, sem höfðu skýr og afmörkuð markmið, hefur yfirleitt verið ráðist í uppgrefti á helstu sögustöðum landsins án þess að mótuð væri rannsóknarstefna eða settar fram rannsóknarspurningar. Er ekki að efa að það er ein meginástæðan fyrir því að mun minna hefur orðið úr vísindalegu framlagi þessara rannsókna en ætla mætti miðað við fjáraustur og fyrirhöfn. Mestu máli skiptir að í rannsóknaráætlun séu sett skýr markmið í hverjum áfanga, þannig að tryggt sé að rannsóknin skili niðurstöðum jafnóðum, sem hafi sjálfstætt gildi og geti einnig haft áhrif á þær athuganir sem síðar eru gerðar. Þetta er sérstaklega vandasamt á stórum og flóknum minjastöðum eins og Skálholti og verður að laga rannsóknarmarkmið að því að þar er von á afarmiklu magni af upplýsingum um aðskiljanlegustu atriði. Rannsóknarmarkmið verða þannig að vera skýr, það verður að vera fyrirsjáanlegt að þeim megi ná og þau verða að ná yfir öll þau atriði sem fornleifarnar geta gefið vísbindingar um. Það dugar því ekki að ætla eingöngu að grafa upp það sem fyrir augu ber, eða hafa of einfalt markmið eins og að uppgröfturinn eigi að varpa ljósi á þróun byggingartækni. Rannsóknaráætlun verður einnig að vera sveigjanleg enda liggur það í eðli fornleifauppgrafar að óvæntir hlutir koma í ljós og verður að vera hægt að bregðast við þeim og laga rannsóknina að nýjum forsendum.

Skálholt er sérstæður staður að því leyti að þar er augljóst sögulegt samhengi sem fornleifarannsókn þarf að geta varpað ljósi á. Augljóst er að rannsókn á slíkum stað myndi geta varpað ljósi á vöxt kirkjulegra stofnana í öndverðu, efnahag biskupanna á mismunandi tímum, rekstur og skipulag íslensks stórbýlis, lífsstíl íslenskrar yfirstéttar á mismunandi tímum og innflutning á erlendum varningi svo nokkur aðalatriði séu nefnd.

Í Skálholti stóð lítið þorp húsa af ýmsum stærðum og gerðum og þau gegndu



ýmsum hlutverkum. Á Íslandi hafa bæjarrústir verið grafnar upp á nokkrum stöðum, en óvída gefst tækifæri til að rannsaka með grefti húsakynni af jafnfjölbreyttu tagi og í Skálholti. Að auki eru þar minjar frá öllum öldum Íslandssögunnar. Hugsanlega mun reynast erfitt að finna elstu minjar þar, því þær gætu hafa horfið við síðari byggingaframkvæmdir þar sem staðurinn var svo lengi í byggð og hús reist, lagfærð, rifin og umbyggð á sama staðnum, öld eftir öld. Engu að síður munu allar upplýsingar um elstu ummerki um mannaferðir í Skálholti hafa sjálfstætt fræðilegt gildi.

Að frátöldum stóru kirkjubyggingunum í Skálholti, voru þar á miðöldum veglegar byggingar til að hýsa biskupa, sveina þeirra og jafnvel fjölskyldu, staðarpresta, skólasveina, aðra embættismenn kirkjunnar, fjölda þjónustufólks og gesta. Þar fyrir utan var fjöldi bygginga fyrir hina fjölbreyttu starfsemi, bæði andleg störf (þ.e. skóli og skrifstofur) og fyrir sjálfan búreksturinn með fjölda af skemmum, búrum, smiðjum, skepnuhúsum og öðrum útihúsum. Skálholt hefur verið stærsta bú á Íslandi og hafa þar verið glæsilegri hús en á öðrum stöðum á landinu. Við siðaskiptin urðu í sjálfu sér engin grundvallarumskipti á staðnum þó biskuparnir hafi er frá leið haft minna umleikis en á miðöldum, en fróðlegt væri að rannsaka þær breytingar sem urðu á 16. öld, t.d. byggingar vegna skólahalds og minjar um prentsmiðju. Að auki eru rannsóknir á minjum frá síðari öldum mikilvægar, því til er talsvert af upplýsingum um staðinn, þ.e. úttektir og lýsingar og uppdættir, sem auðvelda túlkun á þeim mannvistarleifum sem fram gætu komið. Þarna gefst fágætt tækifæri til að bera kennsl á og skoða óvenjulegar húsaminjar á borð við vefarahús, sýruklefa og bókakames.

Að frátöldum athugunum á gerð og lögun fornbygginga í og við bæjarhólinn í Skálholti verður einnig áhugavert að huga að samhengi þeirra við umhverfi staðarins. Efnahagslegt veldi Skálholts var reist á mörgum stöðum. Skálholtsstaður safnaði miklum auði í landi og lausum aukum. Til eru heimildir um ítök og eignarhald biskupsstólsins víða um land sem gerði biskupunum kleyft að halda uppi starfsemi sinni. Jörðin geymir ekki eingöngu húsaleifar heldur og margvíslegar lífrænar leifar sem geta varpað ljósi á ýmsar spurningar um efnahag, mataræði og heilsufar. Margt bendir til að varðveisluskilyrði í jarðvegi séu hin ákjósanlegustu í Skálholti. Það hefur m.a. í för með sér að rannsóknir á úrgangi, öskuhaugum með dýrabeinaleifum og plöntuleifum gæti reynst árangursrík. Munu fornvistfræðilegar rannsóknir af þeim toga geta bætt miklu við þekkingu um efnahag Skálholtsstaðar fyrir á öldum.

Mjög spennandi verður að tefla saman sögulegum heimildum og þeim þekkingarbrotum sem jörðin geymir en finna má með aðferðum fornleifafræði og fornvistfræði.

Með þessar almennu forsendur í huga má setja fram tillögu um rannsóknarspurningar sem yrðu meginviðfangsefni nýrra Skálholtsrannsókna. Er gert ráð fyrir tveimur megináherslum, annarsvegar saga biskupsstólsins sjálfs, einkum í efnahagslegu tilliti, og hinsvegar saga lands og þjóðar í ljósi heimilda frá Skálholti.

### *Saga Skálholts og biskupsstólsins*

- Hvenær hófst búseta í Skálholti og hvers eðlis var hún?
- Urðu breytingar á efnahag Skálholts við stofnun biskupsstóls á 11. öld?
- Að hve miklu leyti stóð heimajörðin undir rekstri staðarins annars vegar, og ítök og gjöld hins vegar? Má rekja þróun í þessu tilliti milli 11. og 18. aldar?
- Lýsa breytingar á húsaskipan og áhöldum á 11. öld til 18. aldar breyttum áherslum í starfsemi biskupanna? (t.d. veisluhald, gestrisni, skólahald, skriffræði, prentverk, hestaeldi, heimasmíðar)
- Urðu breytingar á efnahag Skálholts í kjölfar siðaskipta, á 16. öld til 18. aldar?
- Er hægt að rekja hningun staðarins á 18. öld til efnahags- og/eða umhverfisaðstæðna í Skálholti?

### *Saga lands og þjóðar*

Hvað segja heimildir frá Skálholti um:

- sögu akuryrkju og garðyrkju á Íslandi?
- samskipti Íslands við erlendar þjóðir, innflutning á nauðsynjum og munaðarvöru?
- íslenska stílþróun, smíði listgripa og áhalda?
- byggingartækni og þróun húsbygginga á Íslandi?
- rekstur íslenskra stórbýla?
- neysluháttar íslenskrar yfirstéttar?

Allar þessar spurningar eru mjög viðamiklar og gæti hver og ein orðið lífsstarf fyrir fræðimann. Við uppgröftinn verður fyrst og fremst nauðsynlegt að hafa í huga að halda til haga öllum vísbendingum sem varpað geta ljósi á þessar spurningar og leita leiða til að varpa ljósi á samhengi þeirra. Í hverjum rannsóknaráfanga verður síðan að

skilgreina mun afmarkaðri viðfangsefni sem taka mið af þeim minjum sem verið er að rannsaka hverju sinni, s.s. hvar er prentsmiðjan, hverskonar hús var hún og hvað geta leifarnar sagt um prentverkið?

### **Aðgangur ferðamanna**

Er ráðist verður í rannsóknir í Skálholti er mikilvægt að íslenskur almenningur og erlendir ferðamenn hafi greiðan aðgang að rannsóknunum og geti fylgst með framvindu þeirra. Til þessa eru aðstæður í Skálholti heppilegar. Í sambandi við uppgröftinn væri æskilegt að setja upp sýningu á staðnum sem gæfi gestum yfirlit um sögu staðarins og markmið uppgraftarins, með kortum er sýndu t.d. skógar- og rekaftök, dreifingu og fjölda stólsjarða og uppdrátt af minjasvæðinu. Við þá sýningu yrði síðan bætt nýjungum árlega, t.d. uppgröfnum forngrípum og teikningum af rannsóknarsvæðinu með liprum skýringum. Rannsóknarsvæðið sjálft þarf einnig að vera aðgengilegt. Gestir sem á staðinn koma þurfa að eiga kost á leiðsögn um rannsóknarsvæðið, bæði þau svæði þar sem rannsóknunum er lokið og gengið hefur verið frá minjum til skoðunar og eins þau svæði sem verið er að grafa upp hverju sinni. Þessu ber að haga svo að heimsóknin verði mönnum eftirminnileg, en spilli ekki eða tefji starf fornleifafræðinga. Þá er einnig æskilegt að gestir geti keypt upplýsingabæklinga og/eða bækur um sögu Skálholts og um fornleifarannsóknirnar auk annars varnings sem ferðamenn búast við að geta aflað sér á sögustöðum.

Þegar í upphafi rannsókna er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að hinar uppgröfnu minjar verði gerðar sýningarhæfar að uppgrefti loknum. Þannig verði rannsóknirnar ekki aðeins aðdráttarafl á meðan þær standa yfir heldur um ókomna tíð.

Aðstæður til rannsóknar- og kynningarstarfs í Skálholti eru óvenjugóðar. Þar eru næg húsakynni til að hýsa meðalstóran fornleifaleiðangur og standa fyrir kynningu á sögu staðarins og fornleifarannsóknunum auk þess sem þar er engin starfsemi sem krefst þess að fornleifar víki eða að takmarkar möguleika á skynsamlegu fyrirkomulagi rannsókna og kynningar.

### **Tillögur: Fornleifarannsóknir 1999-2008**

Hér er lagt til að hafnar verði fornleifarannsóknir að nýju í Skálholti. Eftirfarandi tillögur byggja á þeim forsendum sem raktar voru í síðasta kafla. Lagt er til að hefja

stórt og metnaðarfullt rannsóknarverkefni til langs tíma, en skipta því í minni áfanga. Fornleifarannsóknir eru fjárfrekar og er æskilegt að dreifa þeim kostnaði á lengri tíma. Auk þess er heppilegt að fornleifafræðingar hafi ráðrúm til að vinna úr gögnum jafnóðum og að umfang þeirra sé ekki meira en svo að ekki megi ljúka nauðsynlegri úrvinnslu áður en næsti áfangi hefst.

### **Tímaáætlun**

Í Skálholti eru nægar mannvistarleifar til að hægt væri að reka þar fornleifauppgröft áratugum saman. Hér er þó lagt til að í fyrstu umferð verði reiknað með 10 ára rannsóknartímabili, sem skiptist í þrjá megináfanga. Í tveimur fyrri áföngum, 1999-2002 og 2003-2006, verði uppgröftur í Innstaðnum og er miðað við að lokið verði uppgrefti á byggingaleifum þar frá 16. öld til 19. aldar auk þess sem leitað verði eldri leifa utan við Innstaðinn. Miðað er við að þessum áföngum muni ljúka með sýningum og útgáfu, og verði sýnu meiri viðbúnaður 2006 en þá verða 950 ár liðin frá vígslu fyrsta biskups í Skálholti. Rétt er að minnast þessara tímamóta á veglegan hátt með rækilegri kynningu á niðurstöðum rannsókna og samhengi þessara tímamóta við íslenska nútímasögu. Í sýningu við lok fyrsta áfanga 2002 verður lögð áhersla á sögu skólahalds í Skálholti, sem höfði ekki síst til nemenda á öllum skólastigum, en gert er ráð fyrir að uppgröftur árin 2000 og 2001 muni leiða í ljós leifar skólabygginga frá seinni öldum.

Að loknum uppgrefti verður árin 2007-2008 unnið að lokaúrvinnslu og frágangi uppgraftargagna og samið heildarverk um Skálholtsrannsóknir 1999-2006 auk þess sem lögð verða drög að framhaldi rannsókna á Skálholtsstað.

### **Framkvæmd**

Lagt er til að þessum aðaláföngum verður skipt í árlega undiráfanga. Verkefnisstjóri mun ásamt 4 fornleifafræðingum stunda uppgröft í júlímánuði á hverju ári og síðan annast úrvinnslu á rannsóknargögnum í 5 mánuði sama ár. Æskilegt væri að hafa fjölmennara uppgrafterlið, enda er minjastaðurinn stór, en kostnaður við það yrði mjög mikill. Á Hofstöðum í Mývatnssveit, þar sem nú fer fram umfangsmesta fornleifarannsóknin á Íslandi, hefur sumarskóli Fornleifastofnunarinnar verið rekinn samhliða uppgreftinum. Þannig hefur leiðangurinn notið aðstoðar 10-15 nemenda á hverju sumri. Þar sem aðstæður til skólahalds eru þegar fyrir hendi í Skálholti er tilvalið að Skálholtsstaður og Fornleifastofnun hafi samstarf um að sumarskóli stofnunarinnar verði rekinn samhliða uppgreftinum og afköst við rannsóknina þannig

aukin, en kostnaði haldið innan hæfilegra marka.

### **Fyrsti áfangi 1999-2002**

- 1999: Undirbúningur. Gerður verður vandaður uppdráttur í stórum mælikvarða (1:200) af öllum minjastaðnum, þ.e. biskupssetri og útbyggingum. Til grundvallar verða lagðar eldri ritheimildir og rannsóknir, fornleifaskráning sem gerð var 1998-99 (sbr. viðauka) en auk þess verða loftmyndir teknar af staðnum og nágrenni hans, fjarkönnun gerð með viðnámsmæli til að leita byggingaleifa. Þá verður einnig grafið upp úr eldri rannsóknarstöðum, Þorláksbúð endurgrafin og grafið upp úr þeim skurðum sem gerðir voru 1902 og 1984-86. Er þetta nauðsynlegt til fjarlægja rask og gefur jafnframt færi á að kanna jarðvegsskipan án þess að grafa nýja könnunarskurði og einnig verður hægt að mæla þessa staði inn og fella saman við ný uppgraftargögn.
- 2000: Hafinn uppgröftur á þeim stað þar sem "skólaskáli", "skólinn" og "konrektorís hús" stóðu. Fornvistfræðilegar rannsóknir hafnar á öskuhaug og jarðvegi.
- 2001: Grafin upp "göngin" og þau hús sem sögð eru hafa staðið austan þeirra, þ.e. "skólans sjúkrastofa", sýruklefi, geymsluhús og "skólans borðstofa". Undirbúin sýning á árangri rannsókna sumarið 2002.
- 2002: Lokið rannsóknum á þeim svæðum sem opnuð voru 2000 og 2001.

### **Annar áfangi 2003-2006**

- 2003: Hafinn uppgröftur á húsum vestan við "göngin", þ.e. "prestkamers", "búr, "mið-" og "innsta kamers", og "biskups-baðstofa".
- 2004: Uppgrefti haldið áfram á áður nefndum stöðum og að auki grafnar upp vestur- og austurtraðir.
- 2005: Uppgrefti haldið áfram á innistaðnum, og að auki grafin upp smiðja, fjós, hlaða, eldhús og prenthús.
- 2006: Uppgrefti lokið á áður nefndum stöðum og sýnilegar minjar gerðar aðgengilegar. Hátíðarsýning í tilefni af 950 ára afmæli biskupsdóms í Skálholti.

### **Þriðji áfangi 2007-2008**

- 2007-8: Úrvinnsla og lokafrágangur á rannsókninni í heild. Undirbúningur hafinn

að nýjum rannsóknaráföngum í ljósi þess árangurs sem náðst hefur.

Þessi áætlun er lögð til með fyrirvara um breytingar sem eflaust verða þegar verkið hefst. Framvinda rannsókna er bundin þeim skilyrðum sem rannsóknaraðstæður og minjaverndarsjónarmið setja. Ekki er ljóst í hvaða ástandi þessar minjar eru eða hve sýningarhæfar þær verða. Þess ber að minnast að hús frá lokaskeiði biskupstímans skemmdust verulega í jarðskjálftanum á Suðurlandi 1784. Ákvarðanir um hvaða minjum verður fargað til að halda áfram rannsóknum á eldri mannvistarlögum verður að taka á síðari stigum.

## Kostnaðaráætlun

Árleg útgjöld í fyrsta og öðrum áfanga:

Verkefnisstjóri	3.600
4 fornleifafræðingar	2.400
Efni	200
Forvarsla	300
Stofnkostnaður	300
Áhöld og viðhald	200
Aðkeypt þjónusta	300
Kynning og þjónusta	400
Fæði	500
Húsnæði	0
Ferðir og flutningar	200
Stjórnun	400
Útgáfukostnaður	100
<u>Annar kostnaður</u>	<u>200</u>
Alls (þús. kr.)	9.100

Að auki leggur FSÍ og samstarfsaðilar til um fjórðung útgjalda við uppgröftinn:

Laun (12.5%)	860
Fornvistfræðirannsóknir: dýrabein	600
Jarðvegsrannsóknir	200
<u>Skóli FSÍ</u>	<u>1.200</u>
Alls (þús. kr.)	2.860

Heildarkostnaður á ári: 11. 860 þús. kr.

### Skýringar og athugasemdir

- 1) *Útseld vinna* sérfræðings FSÍ er kr 4000 pr. klst. að jafnaði, en ef um langtímaverkefni verður að ræða, er veittur 12,5% aflsláttur. Reiknað tímagjald

verður því 3500 kr. með afslætti.

- 2) *Verkefnisstjóri* vinnur að undirbúningi rannsókna hverju sinni, stjórnar uppgrefti og annast úrvinnslu uppgraftargagna, alls 6 mánaða starf.
- 3) Auk verkefnisstjóra munu 4 *fornleifafræðingar* vinna við uppgröft í einn mánuð, alls 4 mannmánuðir á ári.
- 4) *Efniskostnaður*. Fornleifauppgrefti fylgir ýmis kostnaður við efniskaup, s.s. teiknibúnaður, þ.m.t. vatnspolinn teiknipappír; borðar og gróðurdukur til að hylja uppgrafin svæði eða verja gegn vatnsaga, sérstakar umbúðir til að pakka inn forngripum, jarðvegssýnum og dýrabeinum. Annar efniskostnaður er girðingarefni, göngubrýr og pallar fyrir gesti.
- 5) *Forvarsla*. Kostnaður við forvörslu er jafnan ófyrirsjáanlegur, þar eð ekki er hægt að geta til um hve margir forngripir finnast, í hvaða ástandi þeir eru og hve mikillar aðhlyningar þeir muni þurfa við. Hér er gert ráð fyrir að á hverju ári finnist 400 forngripir sem þarf að forverja, og að kostnaður pr. forngrip verði kr. 750. Gert er ráð fyrir að einn af fornleifafræðingum þeim sem starfar við uppgröftinn hafi sérmenntun á sviði forvörslu og geti annast forvörslu meginhluta gripasafnins á vettvangi en sá kostnaður sem hér er gert ráð fyrir er fyrst og fremst kostnaður við sérfræðiaðstoð. Hér er ekki gert ráð fyrir óvæntum stórfundum sem krefjast kostnaðarsamrar forvörslu til langs tíma.
- 6) *Stofnkostnaður*. Við fornleifauppgreft þarf margvíslegan dýran tækjabúnað, s.s. alstöð (þ.e. rafstýrður og stafrænn hæðarmælir og fjarlægðarnemi), myndavélar, færibönd, dælur, viðnámsmælar og málmleitartæki. FSÍ leggur til slíkan búnað, en þar sem hluti af þessum tækjum verður bundinn á staðnum allan tímann sem uppgröftur á sér stað, mun reynast nauðsynlegt að kaupa viðbótarbúnað. Slík tæki munu jafnframt afskrifast að mestu á rannsóknartímabilinu. Hér er gert ráð fyrir lágri meðalgreiðslu sem dreifist á öll árin.
- 7) *Áhöld og viðhald* þeirra. Þetta er annar tækjakostnaður, þ.e. ódýr áhöld, s.s. skóflur, grafskeiðar, fötur, hjólbörur, jarðvegssigti, málbönd, tommustokkar, mælistikur, naglar og snæri. FSÍ leggur til áhaldasafn í uphafi rannsóknar, en það mun síðan þarfnast verulegs viðhalds á hverju ári.
- 8) *Aðkeypt þjónusta*. Kaupa þarf þjónustu gjóskulagafræðings á hverju sumri til að greina gjóskulög. Áætlaður kostnaður af hans starfi er 40 vinnustundir á kr. 4000, alls kr. 160 þúsund. Þá er gert ráð fyrir aldursgreiningu á C-14 sýnum, allt að 160 þúsund á ári og önnur aðkeypt þjónusta, s.s. jarðýtuvinna.

- 9) *Kynning og þjónusta*. Undir þennan lið falla útgjöld vegna: a) útgáfu bæklinga, b) uppsetningu á litlum sýningum um framvindu uppgrftar, c) leiðsögn gesta, d) heimasíðugerð, e) samskipti við fjölmiðla og ferðaþjónustu.
- 10) *Fæði*. Fæðiskostnaður er áætlaður kr. 30 þús. pr. mann á mánuði.
- 11) *Húsnæði*. Gert er ráð fyrir að Skálholtsstaður leggi til húsnæði á staðnum. FSÍ leggur til skrifstofuhúsnæði við úrvinnslu 5 mánuði á ári.
- 12) *Ferðir og flutningar*. Undir þessum kostnaðarlið er gert ráð fyrir öllum ferðakostnaði uppgraftarleiðangursins til og frá rannsóknarstað, flutningi á tækjum og fundum og flutningi á sýnum til rannsóknarstofa erlendis. FSÍ leggur til leiðangursbifreið, en afnot af henni verða greidd skv. kílómetragjaldi.
- 13) *Stjórnun*. Í stjórnun felst kostnaður vegna yfirstjórnunar, þ.m.t. undirbúningur og skipulag verksins í heild, frágangur, mannráðningar, ferðir og fundir vegna yfirstjórnar.
- 14) *Útgáfukostnaður*. Skv. reglugerð um þjóðminjavörslu er fylgir Þjóðminjalögum nr. 88/1989 er leyfi til fornleifarannsóknna háð þeim skilyrðum að uppgraftarskýrslur verði gefnar út. Hér er gert ráð fyrir að skýrslur um einstaka áfanga rannsóknarinnar verði gefnar út reglulega.
- 15) *Annar kostnaður*. Hér er gert ráð fyrir öðrum kostnaði sem til fellur, þ.m.t. vegna aðstöðu til úrvinnslu sem FSÍ leggur til, ljósritun frumgagna, dreifing á framvinduskýrslum o.þ.h.
- 16) *Hlutur FSÍ - Laun*. Gert er ráð fyrir 12.5% afslætti af tímagjaldi.
- 17) *Bein*. Gert er ráð fyrir að sérfræðingar Hunter College í New York taki þátt í Skálholtsrannsóknnum, og verði það liður í yfirstandandi samstarfi við FSÍ. Hunter College leggur til einn beinasérfræðing í vettvangsvinnu í einn mánuð. Hann annast stjórnun og umsjón rannsókna á dýrabeinum á vettvangi og í rannsóknarstofu. Hunter College leggur til aðstöðu við úrvinnslu beina á rannsóknarstofu sinni, ásamt kostnaði við úrvinnsluna (u.þ.b. 2 mannmán.), alls um þrjá mannmánuði. Umfang þessa rannsóknarþáttar veltur á skilyrðum á vettvangi, s.s. varðveisluskilyrði beina o.þ.h.
- 18) *Jarðvegsrannsóknir*. Gert er ráð fyrir að sérfræðingur við Háskólann í Stirling í Skotlandi taki þátt í Skálholtsrannsóknnum, og verði það liður í yfirstandandi samstarfi við FSÍ. Hann mun starfa tvær vikur á vettvangi, hafa umsjón með jarðvegsrannsóknnum á vettvangi og í rannsóknarstofu. Stirling leggur til aðstöðu við jarðvegsrannsóknir á rannsóknarstofu, ásamt kostnaði við úrvinnsluna (1



mannmán.), alls u.þ.b. tvo mannmánuði. Umfang þessa rannsóknarþáttar verður breytilegt, enda ekki alltaf tilefni né aðstæður til rannsókna af þessu tagi.

- 19) *Skólahald.* Gert er ráð fyrir að Skálholtsrannsóknir verði felldar inn í kennsludagskrá Fornleifaskóla FSÍ árin 2000-2006. Kostnaður vegna reksturs skólans verður greiddur úr sjóði FSÍ. Verða þá um 10-15 nemendur sem taka þátt í rannsókninni og mun hún því njóta starfsframlags nemenda. Hér er gert ráð fyrir að vinnuframlag þeirra samsvari 7,5 mannmánuðum á hverju sumri.
- 20) *Heildarkostnaður* við uppgröft verður 72,8 milljónir að frátöldu framlagi FSÍ. Að auki skal gera ráð fyrir 8,2 milljónum króna í lokaúrvinnslu og frágang og verður því kostnaður alls 80 milljónir.